

Reykjavík, 20. mars, 2021

Umsögn Öldu um 186. mál, 151. löggjafarþingi  
– um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við  
kjarnorkuvopnum

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, ítrekar hér með fyrri umsagnir sínar um sama þingmál sem lagt var fram á 149. þingi og 150. þingi (70. mál).

Alda lýsir yfir eindregnum stuðningi við að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt hið fyrsta, og enn fremur að Ísland gerist aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. Kjarnorkuvopn eru mikil hættu fyrir mannkynið og lífið á jörðinni, og í því ljósi mikilvægt að hætt verði framleiðslu, þróun og varðveislu slíkra vopna, sem samningurinn miðar að. Ísland á ekki að vera eftirbátur í því að auka stöðugleika og frið í heiminum, en í því ljósi ætti að samþykkja þessa þingsályktun hið fyrsta. Félagið leggur áherslu á að engin ástæða er til að tefja frekar samþykkt þingsályktunartillögu þessarar, enda eru umsagnaraðilar allir á einu máli og nauðsynin til að hefta notkun og útbreiðslu kjarnorkuvopna ærin.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,  
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður